

1. Fjöldi sýna

- Um fjölda sýna skal hafa samráð við dýralækni hrossasjúkdóma (Sigríður Björnsdóttir, sími 8930824).

2. Eyðublöð

- Eyðublöð/ fylgiblöð sem fylla skal út og fylgja eiga sýnum að Keldum er að finna í EBL-034 og á heimasíðu Tilraunastöðvarinnar (www.keldur.hi.is) undir eyðublöð (eyðublað/ almenn rannsóknarbeiðni).

3. Stroksýni úr nefi

- Stroksýni skulu tekin úr nefholi með löngum sýnatökupinum og þeir settir strax í meðfylgjandi æti.
- Sýnin skulu kæld strax.

4. Blóðsýni

- Taka skal blóðsýni (serum) úr hestum á meðan þeir eru með hita og aftur eftir 14 daga.

5. Pökkun strok- og blóðsýna

- Blóðsýnum skal pakka í hentugar umbúðir, t.d. frauðplastbakka eða kassa, sem síðan er pakkað inn í plastpoka og umslag og þannig frá þeim gengið að þau verði ekki fyrir hnjaski á leiðinni.
- Með sendingunni skal fylgja útfyllt rannsóknarbeiðni, sem pökkuð er sérstaklega inn þannig að hún komist ekki í snertingu við sýnin.

6. Krufningar

- Fyrstu hrossin sem hugsanlega drepast úr sjúkdómnum skulu send í krufningu að Keldum í samráði við dýralækni hrossasjúkdóma.
- Hræin skulu flutt í lekaheldum gámum og þannig frá gengin að ekki valdi smithættu.
- Með sendingunni skal fylgja útfyllt rannsóknarbeiðni.

7. Sending stroksýna, blóðsýna og hræja til krufningar

- Hafa skal samband við Keldur áður en sýnin eru send. Símanúmerið er 585 5100 og tengiliður er Vilhjálmur Svansson (893 6777).
- Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun og fyllið út fylgiseðil með nauðsynlegustu upplýsingum og límið hann utan á kassann:

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum,
v/ Vesturlandsveg, 112 Reykjavík, s. 585 5100
b.t. Vilhjálms Svanssonar (893 6777)

Nafn og heimilisfang sendanda: